



Janúar 2022

Ágætu félagar

Gleðilegt ár og takk fyrir það gamla. Mikið álag og erfiðar aðstæður hafa verið í skólum síðustu misserin. Því er mikilvægt að við hugsum vel um okkur sjálf, nemendur okkar og samstarfsfólk. Gott er að hafa uppbygginguna í huga í öllu starfi okkar og láta hana hjálpa okkur að halda í gleði og jákvæðni til að halda áfram að byggja upp góðan skólabrag og jákvæðan starfsanda.

Á þessu ári ætlar stjórnin að halda áfram með örfræðsluna sem við höfum boðið upp á síðasta fimmtudag í mánuði. Við höldum fund í október og nóvember á síðustu önn og á vorönn verður fundur 24. febrúar og 31. mars. Fundirnir hefjast kl. 15:00 og í upphafi er stutt innlegg/fræðsla/kynning og síðan umræður á eftir. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með auglýsingum og netslóðum sem birtast á heimasíðu samtakanna (uppbygging.is) og Facebook síðunni (Uppbygging sjálfsgaga). Það væri líka gaman ef þið sæjuð ykkur fært að vera með stutt innlegg því um er að ræða jafningjafræðslu sem byggir á ykkar þátttöku. Endilega hafið samband við undirritaða ef þið getið lagt í púkkið og sagt frá einverju sem þú/þið eruð að gera í nemendahóp/skóla. Þessi stuttu innlegg eru tekin upp og hægt er að ná í þau á Facebook síðu félagsins ef þið viljið horfa á þau síðar og á vef félagsins www.uppbygging.is/ *Námsefni til niðurrhals/Fræðslufundir*.

Við hvetjum ykkur til að vera duglega að senda okkur á Facebook síðuna frásagnir og myndir úr uppbyggingastarfinu. Það er alltaf gaman og gefur öðrum ótrúlega skemmtilegar hugmyndir.

Stjórn félagsins hefur verið að skoða hönnun og prentun á úti- og innifánum fyrir skóla, með merki stefnunnar og komum við til með að senda ykkur bréf vegna þess bráðlega.

Aðalfundur félagsins verður haldinn 27. apríl kl. 16:00 og verður að koma í ljós hvort hann verður í raunheimum eða netheimum. Það verður auglýst betur þegar nær dregur.

Mörg ykkar hafa verið að velta fyrir sér hvort þeir séu „uppbyggingaskólar“ eða ekki. Hvað þarf að vera til staðar til að skóli sé uppbyggingaskóli. Við tókum saman smá gátlisti sem þið getið e.t.v. nýtt ykkur til að meta stöðuna hjá ykkur og huga að nýjum verkefnum eða dusta rykið af þeim gömlu. Listinn er alls ekki tæmandi en nýtist vonandi þegar þið hugið að næstu skrefum.

Er skólinn minn uppbyggingaskóli?

- Nemendafræðsla – í bekkjum – einstaklingar.
- Unnið með nemendum í anda stefnunnar og við úrlausnir mála sem upp koma.
- Allir starfsmenn vinna í anda stefnunnar við úrlausnir nemendamála.
- Unnið í anda stefnunnar í starfsmannamálum. ○ Kynningar fyrir foreldra.
- Námskeið fyrir starfsmenn – grunnur – upprifjun – framhald. ○ Leiðtögeymi.
- Eftirfylgni með bekkjarvinnu.

- Dagatal – hvenær eru ákveðnir þættir stefnunnar kenndir.
- Sýnileiki stefnunnar – veggspjöld – orðfæri – spurningar.
- **Ekki umbun og ekki refsingar.**
- Sáttarborðið notað við úrlausn ágreinings.
- Friðartjald sýnilegt fyrir yngri nemendur.
- Sleikipinnaheilinn – sýnilegur sleikipinni þannig að hægt sé að grípa í hann við vinnslu mála.
- Lífsvagninn/ Tilfinningabíllinn – myndir á veggjum – notaður í hópavinnu/bekkjafundum.

Með bestu kveðjum f.h. stjórnar

Guðbjörg M. Sveinsdóttir, formaður félagsins Uppbygging sjálfsaga gudbjorgms@gmail.com